



Bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Amerískt þjóðlag – Pétur Þórarinnsson

Faðir vor



Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir
lausnarinn himnum á,
hann ræður öllu yfir,
einn heitir Jesús sá,
sigrarinn dauðans sanni
sjálfur á krossi dó
og mér svo aumum manni
eilíft líf víst til bjó.

Hans Thomassøn – Hallgrímur Pétursson

Moldun

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.


Hans Thomassøn – Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Prestur: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir
Organisti: Miklós Dalmay
Söngur: Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandarsókna
Umsjón: Fylgd

Aðstandendur þakka innilega fyrir samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
á Hótel Örka að athöfn lokinni.



Guðmunda Júlíana Tyrfingsdóttir

Fædd 22. október 1930
Dáin 21. desember 2025



Útför frá Kotstrandarkirkju
miðvikudaginn 14. janúar 2026

Forspil

Bæn

Á hendur fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu' í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu,
og set á Guð þitt traust.
Hann man þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna.
Þú mæðist litla hríð.
Þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

Michael Haydn – Björn Halldórsson

Ritningarlestur

Ó, þá náð að eiga Jesú
einkavin í hverri þraut.
Ó, þá heill að halla mega
höfði sínu' í Drottins skaut.
Ó, það slys því hnossi' að hafna,
hvílíkt fár á þinni braut,
ef þú blindur vilt ei varpa
von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við bøl að búa,
bíðir freistni, sorg og þraut,
óttast ekki, bænin ber oss
beina leið í Drottins skaut.
Hver á betri hjálp í nauðum?
Hver á slíkan vin á braut,
hjartans vin, sem hjartað þekkir?
Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,
hryggilega dauðans þraut,
þá hvað helst er Herrann Jesús
hjartans fró og líknar skaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut,
flýtt þér þá að halla' og hneigja
höfuð þreytt í Drottins skaut.

Converze – Scriven / Matthías Jochumsson




Ritningarlestur

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína, leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt,
því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving – 23. Davíðssálmur

Guðspjall



Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk,
en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti um engi,
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti ekki um litinn né ljómann,
en liljan í holtinu' er mín.

Þessi lilja er mín lifandi trú,
þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi,
þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni
á völlum og engjum hvert blóm.
Og haustvindar blási um heiðar
með hörðum og deyðandi róm.
Og veturinn komi með kulda
og klaka og hríðar og snjó.
Hún lifir í hug mér sú lilja
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja er mín lifandi trú.
Þessi lilja er mín lifandi trú.
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Norskt lag – Þorsteinn Gíslason

Minningarorð

Undir háu hamrabelti
höfði drúpir lítill rós,
þráir lífsins vængja víddir,
vorsins yl og sólarljós.
Ég held ég skynji hug þinn allan,
hjartasláttinn, rósin mín,
er kristalstærir daggardropar
drjúpa milt á blöðin þín.

Æsku minnar leiðir lágu
lengi vel um þennan stað.
Krjúpa niður, kyssa blómið,
hversu dýrlegt fannst mér það.
Finna hjá þér ást og unað,
yndislega rósin mín.
Eitt er það, sem aldrei gleymist,
aldrei, það er minning þín.

Fríðrik Jónsson – Guðmundur G. Halldórsson